# FORSETAKOSNINGAR Í BANDARÍKJUNUM

## Meira en helmingur kosningabærra Íslendinga myndi kjósa Hillary Clinton sem forseta Bandaríkjanna

- Tæplega 53% Íslendinga myndu kjósa Hillary Clinton til embættis forseta Bandaríkjanna ef þeir væru á kjörskrá þar í landi og kosið yrði í dag og rúmlega 38% myndu greiða Bernie Sanders atkvæði sitt, en bæði keppa að því að verða útnefnd fyrir Demókrataflokkinn í Bandaríkjunum. Á bilinu 4-5% myndu kjósa Donald Trump. Svarendur gátu valið á milli frambjóðenda sem í byrjun mars voru enn með í forvali kosninganna.

- Nokkur munur er á stuðningi kynjanna við frambjóðendur, en þannig styðja rúmlega 67% kvenna Hillary Clinton en tæplega 40% karla. Stuðningur við Bernie Sanders er hinsvegar meiri á meðal karla en kvenna, þar sem um 46% karla segjast myndu kjósa Bernie Sanders en tæplega 30% kvenna. Þá er einnig munur á stuðningi við frambjóðendurna eftir aldri svarenda, þar sem 67% 55 ára og eldri myndu kjósa Hillary Clinton en yfir 60% þeirra sem eru yngri en 25 ára myndu kjósa Bernie Sanders. Síðan má sjá stuðningur við Hillary Clinton dvínar aðeins með aukinni menntun en því er öfugt farið hjá Bernie þar sem stuðningur eykst með lengri skólagöngu.

- Tæplega 44% svarenda segjast hafa fylgst í meðallagi mikið/lítið með forvali forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum á undanförnum vikum en rúmlega 22% segjast hafa fylgst mikið með því. Meðaltalið er 2,84 sem er nálægt því að endurspegla svarkostinn „Í meðallagi".

- Áhugi á forvali forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum er meiri hjá körlum en konum þar sem um 30% karla hafa fylgst mikið með því á undanförnum vikum samanborið við um 15% kvenna. Þá eykst áhugi á forvali með hærri tekjum, þannig hafa um 30% svarenda í tekjuhæsta hópnum fylgst mikið með forvalinu samanborið við rúmlega 14-16% í tveimur tekjulægstu hópunum. Sömu sögu er að segja þegar svörin eru skoðuð eftir menntun svarenda, um fjórðungur þeirra sem hafa lokið háskólaprófi hafa fylgst mikið með forvalinu samanborið við slétt 17% þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskólaprófi. Þá má sjá mun á áhuga á forvalinu eftir búsetu.

- Svarendur, 857 manns, koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er panelhópur fólks sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá. Könnunin fór fram dagana 3.-9. mars 2016. Send var áminning tvisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is og hjá Þóru Ásgeirsdóttur í síma 896-4427 eða hjá thora@maskina.is.

## Sp.1. Ef kosið væri í dag um embætti Bandaríkjaforseta og þú værir á kjörskrá, hvern eftirtalinna frambjóðenda myndir þú kjósa?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Hillary Clinton | 366 | 52,7 |
| Bernie Sanders | 266 | 38,3 |
| Donald Trump | 30 | 4,4 |
| Ted Cruz | 11 | 1,5 |
| Marco Rubio | 8 | 1,2 |
| Gary Johnson | 7 | 0,9 |
| John Kasich | 4 | 0,5 |
| Ben Carson | 3 | 0,4 |
| John McAfee | 1 | 0,1 |
| Gild svör | 695 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 695 | 81,1 |
| Skila auðu/Myndi ekki kjósa | 65 | 7,6 |
| Neita að svara | 16 | 1,8 |
| Veit ekki | 73 | 8,5 |
| Svöruðu ekki | 9 | 1,0 |
| Heildarfjöldi | 857 | 100,0 |




Ef Íslendingar fengju að kjósa um embætti Bandaríkjaforseta í dag myndi Hillary Clinton hljóta naumlega 53% atkvæða og Bernie Sanders rúmlega 38%. Bæði keppa að því að verða útnefnd sem frambjóðandi Demókrataflokksins í Bandaríkjunum. Donald Trump myndi hljóta á blilinu 4-5% atkvæða.

Á næstu síðu má sjá að marktækur munur er á svörum eftir kyni, aldri, menntun, hjúskaparstöðu og hvaða flokk fólk myndi kjósa í dag á Íslandi. Þannig eru konur, þeir sem hafa lokið grunnskólaprófi sem og elsti hópurinn líklegri en aðrir til að kjósa Hillary Clinton en á hinn bóginn eru karlar, þeir sem hafa lokið háskólaprófi og yngsti hópurinn líklegri en aðrir til að gefa Bernie Sanders atkvæði sitt.

## Sp.1. Ef kosið væri í dag um embætti Bandaríkjaforseta og þú værir á kjörskrá, hvern eftirtalinna frambjóðenda myndir þú kjósa?

| | Gild svör | Hillary Clinton | Bernie Sanders | Donald Trump | Ted Cruz | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % |
| Allir | 695 | 52,7 | 38,3 | 4,4 | 1,5 | 3,1 |
| **Kyn*** | | | | | | |
| Karl | 365 | **39,6** | **46,1** | 7,3 | 1,4 | 5,5 |
| Kona | 330 | **67,2** | **29,6** | 1,1 | 1,7 | 0,4 |
| **Aldur*** | | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 97 | **22,3** | **60,6** | 7,7 | 5,6 | 3,8 |
| 25-34 ára | 133 | 43,7 | 46,3 | 6,5 | 0,0 | 3,5 |
| 35-44 ára | 113 | 51,6 | 41,9 | 0,8 | 0,9 | 4,8 |
| 45-54 ára | 116 | 60,7 | 34,5 | 3,4 | 0,0 | 1,5 |
| 55 ára og eldri | 236 | **67,0** | **24,6** | 4,0 | 1,8 | 2,6 |
| **Búseta** | | | | | | |
| Reykjavík | 287 | 49,6 | 44,1 | 2,9 | 1,3 | 2,1 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 181 | 53,1 | 39,4 | 3,5 | 1,2 | 2,9 |
| Suðurland og Reykjanes | 69 | 61,5 | 27,8 | 3,6 | 4,0 | 3,1 |
| Vesturland og Vestfirðir | 44 | 57,7 | 28,0 | 6,2 | 2,2 | 5,9 |
| Norðurland | 82 | 53,6 | 29,3 | 11,5 | 0,0 | 5,6 |
| Austurland | 32 | 51,3 | 38,9 | 3,4 | 3,4 | 3,0 |
| **Fjölskyldutekjur** | | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 149 | 50,0 | 43,4 | 1,9 | 2,4 | 2,3 |
| 400-549 þúsund | 89 | 59,4 | 31,1 | 4,1 | 0,0 | 5,4 |
| 550-799 þúsund | 122 | 55,2 | 36,4 | 5,2 | 0,9 | 2,4 |
| 800 þúsund eða hærri | 237 | 50,3 | 39,4 | 4,5 | 1,3 | 4,4 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).

## Sp.1. Ef kosið væri í dag um embætti Bandaríkjaforseta og þú værir á kjörskrá, hvern eftirtalinna frambjóðenda myndir þú kjósa?

| | Gild svör | Hillary Clinton | Bernie Sanders | Donald Trump | Ted Cruz | Annað |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | % | % |
| Allir | 695 | 52,7 | 38,3 | 4,4 | 1,5 | 3,1 |
| Menntun* | | | | | | |
| Grunnskólapróf | 115 | **61,8** | **26,1** | 6,7 | 3,2 | 2,3 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 233 | 51,5 | 39,1 | 4,9 | 0,4 | 4,1 |
| Háskólapróf | 315 | **50,9** | **43,3** | 2,1 | 1,0 | 2,7 |
| Hjúskaparstaða* | | | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 485 | 57,4 | 35,0 | 4,4 | 1,1 | 2,1 |
| Einhleyp(ur) | 122 | **31,7** | **57,1** | 1,8 | 2,2 | 7,1 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 55 | **65,5** | **27,8** | 1,6 | 0,0 | 5,2 |
| Heimilisgerð | | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 96 | 49,1 | 38,5 | 7,1 | 0,0 | 5,4 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 205 | 53,7 | 38,8 | 3,3 | 1,0 | 3,3 |
| Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 62 | 49,4 | 42,2 | 2,5 | 4,3 | 1,5 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 278 | 55,3 | 37,8 | 2,5 | 1,1 | 3,2 |
| Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?* | | | | | | |
| Bjarta framtíð | 12 | 49,1 | 50,9 | **0,0** | 0,0 | 0,0 |
| Framsóknarflokkinn | 56 | **70,0** | **11,2** | **11,4** | 1,9 | 5,5 |
| Pírata | 207 | **30,3** | **59,7** | 4,3 | 1,0 | 4,7 |
| Samfylkinguna | 49 | 69,7 | 30,3 | **0,0** | 0,0 | 0,0 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 93 | 63,7 | 18,3 | 6,3 | 5,1 | 6,6 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 56 | 48,6 | 49,7 | 1,7 | 0,0 | 0,0 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).

## Sp. 2. Hversu mikið eða lítið hefur þú fylgst með forvali forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum á undanförnum vikum?

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Mjög mikið (5) | 55 | 6,5 |
| Fremur mikið (4) | 134 | 15,8 |
| Í meðallagi (3) | 370 | 43,8 |
| Fremur lítið (2) | 193 | 22,8 |
| Mjög lítið (1) | 93 | 11,0 |
| Gild svör | 845 | 100,0 |
| Gildir svarendur | 845 | 98,6 |
| Svöruðu ekki | 12 | 1,4 |
| Heildarfjöldi | 857 | 100,0 |







| | |
|---|---|
| Meðaltal | 2,84 |
| Staðalfrávik | 1,03 |

Tæplega 44% svarenda segjast fylgjast í meðallagi mikið/lítið með forvali forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum en rúmlega 22% segjast fylgjast mikið með því. Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög mikið“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög lítið“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli. Meðaltalið er 2,84 sem er nálægt því að endurspegla svarkostinn „Í meðallagi“.

Á næstu síðum má sjá að karlar eru líklegri en konur til að fylgjast með forvali forsetaframbjóðendanna, sömuleiðis tekjuhæsti hópurinn og þeir sem hafa lokið háskólaprófi fremur en aðrir. Höfuðborgarbúar, Sunnlendingar og Reyknesingar eru líklegri en aðrir Íslendingar að hafa fylgst með forvalinu.

# ÁHUGI Á FORVALI FORSETAFRAMBJÓÐENDA

## Sp. 2. Hversu mikið eða lítið hefur þú fylgst með forvali forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum á undanförnum vikum?

| | Gild svör | Mikið | Í meðallagi | Lítið | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | |
| Allir | 845 | 22,3 | 43,8 | 33,8 | 2,84 |
| Kyn* | | | | | |
| Karl | 422 | 29,9 | 47,8 | 22,3 | 3,13 |
| Kona | 423 | 14,8 | 39,9 | 45,4 | 2,55 |
| Aldur | | | | | |
| Yngri en 25 ára | 112 | 32,7 | 30,8 | 36,5 | 3,02 |
| 25-34 ára | 160 | 21,5 | 37,6 | 40,9 | 2,72 |
| 35-44 ára | 142 | 22,4 | 40,4 | 37,3 | 2,77 |
| 45-54 ára | 147 | 15,4 | 51,0 | 33,6 | 2,75 |
| 55 ára og eldri | 284 | 22,3 | 50,5 | 27,3 | 2,92 |
| Búseta* | | | | | |
| Reykjavík | 322 | 24,5 | 48,0 | 27,5 | 2,98 |
| Nágr.sveitarfélög Rvk. | 224 | 20,8 | 46,3 | 33,0 | 2,83 |
| Suðurland og Reykjanes | 91 | 27,6 | 41,7 | 30,7 | 2,96 |
| Vesturland og Vestfirðir | 52 | 9,4 | 52,9 | 37,7 | 2,61 |
| Norðurland | 109 | 20,9 | 30,4 | 48,7 | 2,60 |
| Austurland | 47 | 22,3 | 28,7 | 49,0 | 2,53 |
| Fjölskyldutekjur* | | | | | |
| 399 þúsund eða lægri | 185 | 16,3 | 43,1 | 40,6 | 2,72 |
| 400-549 þúsund | 115 | 14,2 | 42,6 | 43,1 | 2,63 |
| 550-799 þúsund | 151 | 23,2 | 40,2 | 36,5 | 2,76 |
| 800 þúsund eða hærri | 264 | 29,8 | 47,1 | 23,1 | 3,07 |



*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).

# ÁHUGI Á FORVALI FORSETAFRAMBJÓÐENDA

## Sp. 2. Hversu mikið eða lítið hefur þú fylgst með forvali forsetaframbjóðendanna í Bandaríkjunum á undanförnum vikum?

| | Gild svör | Mikið | Í meðallagi | Lítið | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | % | % | % | |
| Allir | 845 | 22,3 | 43,8 | 33,8 | 2,84 |
| **Menntun*** | | | | | |
| Grunnskólapróf | 162 | 17,0 | 35,1 | 48,0 | 2,53 |
| Framhaldsskólapróf/Iðnmenntun | 277 | 22,1 | 44,3 | 33,6 | 2,83 |
| Háskólapróf | 366 | 24,9 | 47,9 | 27,3 | 2,99 |
| **Hjúskaparstaða** | | | | | |
| Gift/Kvæntur/Í sambúð | 588 | 23,0 | 43,0 | 34,0 | 2,84 |
| Einhleyp(ur) | 148 | 21,5 | 49,3 | 29,1 | 2,93 |
| Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill | 67 | 20,4 | 39,3 | 40,2 | 2,69 |
| **Heimilisgerð** | | | | | |
| Ein(n) á heimili | 114 | 20,8 | 49,3 | 29,9 | 2,85 |
| Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn | 250 | 19,8 | 40,2 | 40,0 | 2,73 |
| Fullorðnir með 3 börn eða fleiri | 79 | 17,0 | 46,8 | 36,2 | 2,75 |
| Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn | 338 | 26,1 | 44,2 | 29,7 | 2,95 |
| **Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?** | | | | | |
| Bjarta framtíð | 13 | 38,2 | 28,8 | 33,0 | 2,98 |
| Framsóknarflokkinn | 69 | 22,9 | 46,0 | 31,1 | 2,89 |
| Pírata | 230 | 27,5 | 42,3 | 30,2 | 2,97 |
| Samfylkinguna | 57 | 34,9 | 42,6 | 22,4 | 3,14 |
| Sjálfstæðisflokkinn | 113 | 19,9 | 56,7 | 23,4 | 2,99 |
| Vinstrihreyfinguna - grænt framboð | 64 | 27,0 | 41,4 | 31,7 | 2,88 |

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi (p<0,05).